




Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið



Hjálpartæki - skýrsla starfshóps

september 2019

Heilbrigðisráðuneytið: Hjálpartæki – skýrsla starfshóps
September 2019

Útgefandi: Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
Sími: 545 8700
Netfang: postur@hrn.is
Veffang: heilbrigdisraduneytid.is

Umbrot og textavinnsla: Heilbrigðisráðuneytið

© 2019 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-477-72-9

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR:	4
2	TILLÖGUR TIL RÁÐHERRA:	6
3	Gildandi lög og reglugerðir	8
3.1	<i>Hjálpertæki sem Sjúkratryggingar Íslands útvega</i>	8
3.2	<i>Hjálpertæki sem Heyrnar- og talmeinstöð Íslands útvegar</i>	8
3.3	<i>Hjálpertæki sem Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu annast</i>	8
3.4	<i>Bifreiðamál</i>	9
3.5	<i>Hjálpertæki sem sveitarfélög útvega</i>	9
3.6	<i>Hjálpertæki á stofnunum</i>	9
4	Fyrirkomulag hjálpertækjamála	10
4.1	<i>Skilgreining á hjálpertæki</i>	10
4.2	<i>Skipulag við úthlutun hjálpertækja</i>	10
4.2.1	<i>Hjálpertækjamiðstöð Sjúkratrygginga Íslands</i>	10
4.2.1.1	<i>Ferli við afgreiðslu og mat umsókna</i>	11
4.2.1.2	<i>Réttur til niðurgreiðslu</i>	11
4.2.1.3	<i>Ráðgjöf, uppsetning og viðgerðarþjónusta</i>	13
4.2.2	<i>Heyrnar- og talmeinstöð Íslands</i>	13
4.2.3	<i>Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu</i>	13
4.2.4	<i>Hjálpertæki vegna náms og atvinnu</i>	14
4.2.5	<i>Hjálpertæki til þeirra sem dvelja á stofnunum</i>	14
4.3	<i>Greiðslupátttaka hins opinbera</i>	14
4.3.1	<i>Hjálpertæki á vegum hjálpertækjamiðstöðvar Sjúkratrygginga Íslands</i>	14
4.3.2	<i>Heyrnarhjálpertæki</i>	14
5	ÚRBÆTUR - FREKARI UMFJÖLLUN UM TILLÖGUR TIL RÁÐHERRA	16
5.1	<i>Endurskoðun reglugerða</i>	16
5.2	<i>Skipulag við úthlutun hjálpertækja</i>	16
5.3	<i>Greiðslupátttaka, afgreiðsla og forsendur fyrir úthlutun hjálpertækja</i>	18
5.4	<i>Aukin aðstoð fagaðila og hlutverk heilsugæslunnar eftl</i>	18
5.5	<i>Bætt upplýsinga- og viðgerðarþjónusta</i>	19
5.6	<i>Tæknipróun</i>	20
6	Lokaorð	22
8	Heimildir	23

1 INNGANGUR:

Lagaleg staða fatlaðs fólks hefur batnað mikið á undanförunum árum. Ræður þar miklu að Ísland undirritaði árið 2007 samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og fullgilti hann árið 2016, sbr. þingsályktun nr. 61/145 sem samþykkt var á Alþingi 20. september 2016. Markmið samningsins er að tryggja fötluðu fólki mannréttindi og grundvallarfrælsi til jafns við aðra. Vinna við að breyta lögum til samræmis við samninginn er vel á veg komin.

Meðal þeirra skuldbindinga sem aðildarríki samningsins undirgangast er að tryggja aðgengi fatlaðs fólks að hjálpartækjum og annarri stuðningstækni, t.d. upplýsinga- og samskiptatækni, sem auðveldar fólki að vera samfélagslega virkt. Þjóðir sem samþykkt hafa samninginn skulu efla þróun og rannsóknir á nýrri tækni sem nýtist fötluðum. Einnig er lögð áhersla á að auka þekkingu fagfólks og annars starfsfólks sem vinnur með fötluðu fólki til að tryggja faglega og góða þjónustu. Jafnframt fái þeir sem þess þurfa persónulega aðstoð. Mikil áhersla er lögð á að tryggja aðgengi að hjálpartækjum til hæfingar og endurhæfingar til að auka færni.

Auk samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafa tekið gildi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Lögin endurspeglar breytt viðhorf til fatlaðs fólks og annarra, svo sem fólks með skerta starfsgetu, hvað varðar samfélagslega stöðu og þátttöku. Áhersla hefur verið lögð á sjálfstæða búsetu fólks fremur en stofnanavistun. Tækniþróun hefur skapað ný tækifæri og gert það að verkum að tæki sem áður voru dýr og notuð í sérstökum tilfellum eru nú komin í almenna notkun. Breytt löggjöf og ný sýn á atvinnuþátttöku og samfélagslega stöðu þeirra sem nota hjálpartæki kallar á endurskoðað fyrirkomulag hjálpartækjamála.

Heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp 14. júní 2018 til að skoða fyrirkomulag varðandi hjálpartæki hér á landi. Hópnum var falið að skoða fyrirkomulagið í heild með tilliti til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, möguleika til sjálfstæðs lífs, samfélags- og atvinnuþátttöku, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, jafnræðis og tækniþróunar. Stefnt var að því að hópurinn skilaði tillögum til ráðherra 1. október 2018. Af ýmsum ástæðum hefur útgáfa skýrslunnar dregist.

Í starfshópnum voru:

Steinunn Þóra Árnadóttir, án tilnefningar, formaður.

Ólafur Gunnarsson, án tilnefningar.

Sigríður Jakobínudóttir, án tilnefningar.

Guðbjörg Kristín Eiríksdóttir, tilnefnd af Öryrkjabandalagi Íslands.

Ásbjörg Magnúsdóttir, tilnefnd af Iðjubjálfafélagi Íslands.

Júlíana Hansdóttir Aspelund, tilnefnd af Sjúkratryggingum Íslands.

Rósa Guðsteinsdóttir, tilnefnd af Félagi sjúkraþjálfara.

Björgvin Björgvinsson, tilnefndur af Landssamtökunum Þroskahjálp.

Baldur Þór Baldvinsson, tilnefndur af Landssambandi eldri borgara.

Ekki var greidd þóknun fyrir setu í starfshópnum af hálfu ráðuneytisins. Hópurinn hittist tíu sinnum. Meðlimir starfshópsins, sem allir eru fulltrúar ólíkra stofnana eða félagasamtaka, kynntu helstu áherslur og sjónarmið sín og síns baklands.

Eftirfarandi gestir komu á fund starfshópsins:

Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræði og forstöðumaður Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum, fjallaði um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks undir yfirskriftinni: Sjálfstætt líf, samfélagsþátttaka og hjálpartæki.

Þórhildur Egilsdóttir frá Heimaþjónustu Reykjavíkur kynnti nýja stefnu við notkun velferðartækni sem miðar að því að hjálpa fólki að búa heima, vera virkari þjóðfélagsþegnar og bæta lífsgæði. Stefnan nær til fatlaðs fólks, aldraðra og sjúkra.

Þórunn Ólafsdóttir frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fór yfir ýmislegt er tengist aðkomu heilsgæslunnar að því að útvega hjálpartæki.

Tryggvi Þórhallsson frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga fór m.a. yfir verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA-miðstöðvarinnar, ræddi um NPA-miðstöðina og ýmislegt tengt NPA.

Wilhelm Wessman, fulltrúi frá Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, ræddi reynslu samtakanna af samþættingu heimahjúkrunar og félagsþjónustu í borginni sem og fleira sem tengist aðgengi eldra fólks að hjálpartækjum.

Atli Ágústsson frá sérfræðiteymi vegna sérhæfðra tjáskiptatækja á vegum Sjúkratrygginga Íslands, ræddi tækniþróun og sérhæfðan tjáskiptabúnað.

Estella Björnsson og Vala Jóna Garðarsdóttir frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, ræddu tækniþróun.

Kristbjörg Pálsdóttir frá Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, ræddi tækniþróun og kostnað notenda vegna hjálpartækja.

2 TILLÖGUR TIL RÁÐHERRA:

Starfshópurinn leggur eftirfarandi til:

1. Endurskoða reglugerðir er lúta að hjálpartækjum og skilgreiningu á hugtakinu hjálpartæki í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Samræma þarf reglugerð nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpartækja og lagaumgjörð vegna fatlaðs fólks í ljósi þess að lög nr. 59/1992 eru fallin úr gildi og ný lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, komin í þeirra stað. Jafnframt þarf að samræma skilgreiningar í ólíkum reglugerðum er snúa að hjálpartækjum.

2. Einfalda skipulag við afgreiðslu og úthlutun hjálpartækja. Afgreiðsla hjálpartækja er á höndum margra ólíkra aðila. Hjálpartækjamál heyra undir tvö ráðuneyti, auk þess sem sveitarfélögin útvega hluta hjálpartækja. Fyrir vikið getur afgreiðsla hjálpartækja orðið brotakernd og óljóst hver ber ábyrgð á að útvega nauðsynleg tæki. Lagt er til að skoðað verði hvort hægt sé að bæta þjónustu við notendur með breyttu stofnanaskipulagi, hvort ákvæði um styrki til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna kaupa á bifreið til eigin nota verði færð í lög um sjúkratryggingar og hvort Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) annist framkvæmdina jafnframt því sem umsýsla vegna hjálpartækja í bifreiðar verði áfram í þeirra höndum. Þá er lagt til að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga vegna hjálpartækja verði endurskoðuð. Skoðað verði hvort farsælt sé að hjálpartæki til langtímanotkunar verði alfarið á kostnað og ábyrgð ríkisins.

3. Endurskoða greiðslupátttöku vegna hjálpartækja með það að markmiði að draga úr kostnaði notenda. Samræma þarf greiðslupátttöku hins opinbera vegna mismunandi flokka hjálpartækja sem og kostnaðarhlutdeild og greiðslubyrði einstaklinga sem nota hjálpartæki vegna mismunandi fötlunar. Þá þarf kostnaðarhlutdeild hins opinbera að fylgja verðlagsbreytingum. Jafnframt þarf að taka til endurskoðunar álagningu virðisaukaskatts á hjálpartæki. Tryggja verður að þörf fyrir hjálpartæki ráði úthlutun fremur en sjúkdómsgreining eða skráð lögheimili. Sem dæmi verði mögulegt að fá fleiri en eitt hjálpartæki fyrir börn sem eiga heimili á tveimur stöðum. Þá þarf að huga að þörf fatlaðra foreldra fyrir hjálpartæki við umönnun barna sinna.

4. Fara þarf yfir forsendur sem lagðar eru til grundvallar við mat á þörf fyrir hjálpartæki. Við mat á umsóknum um hjálpartæki verði horft til heildarþarfa umsækjanda hverju sinni. Þar sem sífellt fleiri eiga við fjölþættan heilsufarsvanda að stríða er orðið mikilvægara en áður að hafa gott aðgengi að heildstæðri þekkingu á heilsufari og aðstæðum fólks sem sækir um hjálpartæki. Lagt er til að aðstoð fagaðila í tengslum við úthlutun hjálpartækja verði auðsóttari og hlutverk heilsugæslunnar eftt á því sviði. Lagt er til að Þróunarmiðstöð heilsugæslunnar á landsvísu verði falið að útfæra leiðir og verklag sem snýr að því hvernig fagfólk með sérþekkingu á hjálpartækjum, svo sem iðjuþjálfar og sjúkraþjálfarar, geti orðið hluti af heilsugæslunni sem hafi m.a. það hlutverk að bæta þjónustu við úthlutun hjálpartækja.

5. Bæta þarf upplýsingamiðlun varðandi hjálpartæki og þá viðgerðarþjónustu sem í boði er. Mikilvægt er að almennar upplýsingar um allt sem lýtur að hjálpartækjum séu á einum stað, t.d. á öflugri vefsíðu. Lagt er til að setja á ný upp sýningarsvæði þar sem þau hjálpartæki sem í boði eru hjá hinu opinbera verði kynnt á einum stað. Einnig er lagt til að viðgerðarþjónusta verði eflað enn frekar, t.d. með sólarhringsþjónustu, þar sem bið eftir viðgerð á hjálpartæki hefur mikil áhrif á daglegt líf notandans og getur valdið vanlíðan.

6. Farvegur fundinn fyrir reglubundið mat og innleiðingu nýjunga. Hjálpartæki eru í sífelldri þróun, sem og önnur stuðningstækni sem nýst getur fólki til sjálfstæðs lífs og aukinnar samfélagsþátttöku. Mikilvægt er að fylgjast með þróuninni og taka jafnt og þétt gagnlegar nýjungar í notkun. Ná þarf

yfirsýn yfir það fjölbreytta úrval hjálpartækja sem í boði er hverju sinni og bjóða góð og hagstæð hjálpartæki.

Nánar er fjallað um tillögurnar í 5. kafla.

3 Gildandi lög og reglugerðir

Hjálpartækjamál heyra undir tvö ráðuneyti. Undir heilbrigðisráðuneytið fellur hjálpartækjamiðstöð Sjúkratrygginga Íslands og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Undir félagsmálaráðuneytið fellur Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskertra og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Bifreiðamál hreyfihamlaðra falla undir bæði heilbrigðisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið. Sveitarfélög annast úthlutun hjálpartækja vegna náms og vinnu og hjúkrunarheimili sjá um að útvega flest hjálpartæki fyrir skjólstæðinga sína.

3.1 Hjálpartæki sem Sjúkratryggingar Íslands útvega

Fjallað er um hjálpartæki í 26. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008.

Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í kostnaði við öflun nauðsynlegra hjálpartækja sem eru til notkunar í lengri tíma en þrjú mánuði. Í reglugerð nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpartækja eru tilgreindar þær tegundir hjálpartækja sem greiðsluþátttaka nær til og hversu mikil greiðsluþátttakan er. Hjálpartækjamiðstöð Sjúkratrygginga Íslands útvegar hjálpartækin. Afla skal greiðsluheimildar frá Sjúkratryggingum Íslands fyrir fram. Stofnunin getur áskilið sér að vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis fylgi.

3.2 Hjálpartæki sem Heyrnar- og talmeinastöð Íslands útvegar

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 42/2007. Samkvæmt lögnum útvegar stofnunin hjálpartæki fyrir heyrnarskerta, heyrnarlausu og þá sem eru með heyrnar- og talmein. Stofnunin skal enn fremur sjá um viðhald og uppsetningu tækjanna. Einnig útvega einkaaðilar almenn heyrnartæki sem niðurgreidd eru af Sjúkratryggingum Íslands.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands annast úthlutun almennra og sérhæfðra heyrnartækja. Einkaaðilar sem til þess hafa leyfi mega útvega almenn heyrnartæki.

Í reglugerð nr. 968/2015 um greiðsluþátttöku ríkisins í hjálpartækjum sem Heyrnar- og talmeinastöð útvegar kemur fram greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga Íslands vegna heyrnartækja sem stofnunin útvegar. Reglugerð nr. 969/2015 kveður á um styrki vegna kaupa á heyrnartækjum hjá öðrum en Heyrnar- og talmeinastöð. Fjárstuðningur er sá sami í krónum talið hvort sem tæki eru keypt hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands eða einkaaðilum. Hjá HTÍ eru tækin seld á kostnaðarverði en verðlagning tækja sem seld eru á almennum markaði er frjálst.

Í desember 2017 skilaði starfshópur heilbrigðisráðherra skýrslu um tillögu að framtíðarskipulagi þjónustu við fólk með heyrnarskerðingu og talmein.

3.3 Hjálpartæki sem Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu annast

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu starfar eftir lögum nr. 160/2008. Samkvæmt lögnum skal starfrækja þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Markmiðið er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómstunda og atvinnuþátttöku. Miðstöðin skal veita þjónustu á sviði ráðgjafar, hæfingar og endurhæfingar. Jafnframt skal hún þjóna hlutverki

þekkingarmiðstöðvar sem aflar og miðlar þekkingu á aðstæðum notenda í því skyni að bæta þjónustu og stuðla að framförum.

Í reglugerð nr. 233/2010 er kveðið á um úthlutun á hjálpartækjum á vegum þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

3.4 Bifreiðamál

Fyrirkomulag bifreiðamála er með þeim hætti að Sjúkratryggingar Íslands annast úthlutun hjálpartækja í bifreiðar og breytingar á bifreiðum í samræmi við lög um sjúkratryggingar, nr. 112/2008. Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar greiðslur uppbóta og styrkja vegna kaupa á bifreiðum sem og uppbóta vegna reksturs bifreiða samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Þá veitir stofnunin bílalán vegna kaupa á bifreiðum.

Í desember 2014 skilaði starfshópur um stuðningskerfi til að auðvelda för hreyfihamlaðs fólks skýrslu til félags- og húsnæðismálaráðherra.

3.5 Hjálpartæki sem sveitarfélög útvega

Sjúkratryggingar Íslands greiða ekki styrki vegna kaupa á hjálpartækjum til náms og atvinnu samkvæmt reglugerð nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpartækja. Þau sveitarfélög þar sem fatlaðir einstaklingar eiga lögheimili önnuðust afgreiðslu umsókna vegna hjálpartækja til náms fyrir 16 ára og eldri og atvinnu fyrir 18 ára og eldri skv. 27. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum og samkvæmt leiðbeinandi reglum ráðherra. Lög nr. 59/1992 eru hins vegar fallin úr gildi. Samkvæmt 25. gr. laga nr. 38/2018 er sveitarfélögum heimilt að veita fötluðu fólki styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni og styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Um nemendur í grunnskóla fer skv. 17. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla, sbr. þó 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Þá segir í reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla að grunnskólar skuli í samræmi við lög um grunnskóla útþúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir þar sem m.a. skuli gera grein fyrir samstarfi innan skólans um notkun hjálpartækja.

Sveitarfélög útvega veggföst tæki fyrir sambýli en Sí útvegar önnur tæki samkvæmt reglugerð.

3.6 Hjálpartæki á stofnunum

Í 5. gr. reglugerðar nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpartækja kemur fram að Sjúkratryggingar Íslands greiða ekki styrki vegna hjálpartækja til þeirra sem dvelja í búsetuúrræðum á vegum sveitarfélaga fyrir fatlað fólk og kostuð eru af sveitarfélögum. Í þeim tilvikum skal viðkomandi heimili sjá hlutaðeigandi einstaklingum fyrir öllum hjálpartækjum. Sjúkratryggingar Íslands greiða þó styrki til þeirra sem dveljast á sjúkrahúsi eða stofnun vegna hjólastóla með skilaskyldu að notkun lokinni.

Í reglugerð nr. 427/2013 um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu kemur fram að öldrunarstofnanir skulu tryggja þeim sem þar dvelja hjálpartæki, en þó ekki heyrnartæki, gleraugu eða hjólastóla.

4 Fyrirkomulag hjálpertækjamála

4.1 Skilgreining á hjálpertæki

Í reglugerð nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpertækja er hjálpertæki skilgreint sem tæki sem ætlað er að draga úr fötlun, aðstoða fatlaða við að takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu eða auðvelda umönnun. Hjálpertæki verður jafnframt að teljast nauðsynlegt og hentugt til að auðvelda athafnir daglegs lífs.

4.2 Skipulag við úthlutun hjálpertækja

Úthlutun hjálpertækja hjá ríkinu er eins og fram hefur komið á hendi þriggja aðila, hjálpertækjamiðstöðvar Sjúkratrygginga Íslands og Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands (HTÍ), sem heyrar báðar undir heilbrigðisráðuneytið, og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Þá er úthlutun hjálpertækja vegna atvinnu og skóla á hendi sveitarfélaga en hjúkrunarheimili útvega hluta hjálpertækja til heimilismanna sinna.

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra og Stoð leigja út hjálpertæki til skammtímanotkunar en sjúkratryggingar styrkja ekki þá leigu. Skýrsla þessi fjallar ekki frekar um útleigu hjálpertækja.

4.2.1 Hjálpertækjamiðstöð Sjúkratrygginga Íslands

Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í kostnaði við öflun hjálpertækja til lengri tíma en þriggja mánaða. Þar er einkum um að ræða hjálpertæki til sjálfsbjargar og öryggis og í ákveðnum tilvikum til þjálfunar og meðferðar.

Hjálpertækjamiðstöð Sjúkratrygginga Íslands annast afgreiðslu á hjálpertækjum samkvæmt reglugerð og vinnureglum sem stofnunin setur sér. Starfsmenn veita ráðgjöf og upplýsingar um hjálpertæki og val á þeim, auk þess að sinna fræðslu tengdri hjálpertækjum, svo sem fyrir notendafélög fatlaðs fólks og háskólanema. Iðju- og sjúkráþjálfar miðstöðvarinnar annast ráðgjöf við val á tækjum, en panta verður tíma fyrirfram.

Hjálpertækjamiðstöðin veitir ýmsa aðstoð vegna tækjanna eða semur við seljendur um að veita hana. Má þar nefna uppsetningu, breytingar, sérsníði og aðstoð við aðlögun hjálpertækja fyrir notendur. Samið hefur verið við seljendur um að veita ýmsa þjónustu vegna tækjanna og er því ekki hægt að ganga að þjónustunni vísri á einum stað.

Hjálpertækjamiðstöðin er einnig með hjálpertækjaráðgjöf og sýningarsvæði á Kristnesi í Eyjafirði. Að auki leitast hjálpertækjamiðstöðin við að safna og veita upplýsingar um hvar hægt er að fá ráðgjöf um hjálpertæki annars staðar á landinu.

Hjálpertækjum sem hjálpertækjamiðstöðin útvegar má skipta í eftirfarandi flokka:

- Hjálpertæki til meðferðar og þjálfunar.
- Stoðtæki (spelkur, gervilimir og bæklunarskór) og gervihlutar aðrir en gervilimir.
- Hjálpertæki við persónulega aðhlynningu og fatnaður.
- Ferli hjálpertæki og hjálpertæki við flutning.
- Húsbúnaður.
- Hjálpertæki til tjáskipta, upplýsinga og viðvörunar.
- Hjálpertæki til að meðhöndla tæki eða hluti.

Hér er um mjög fjölbreytt úrval hjálpertækja að ræða, allt frá dýrum rafknúnum hjólastólum, sem falla undir ferlihjálpartæki og hjálpertæki til flutnings, til bleia og þvagpoka sem falla undir tæki til persónulegrar aðhlyningar. Næring var áður innan reglugerðar um hjálpertæki en frá árinu 2009 hefur verið sérstök reglugerð um næringu og sérþæði.

4.2.1.1 Ferli við afgreiðslu og mat umsókna

Sótt er um hjálpertæki sem Sjúkratryggingar Íslands útvega á grundvelli reglugerðar á sérstökum rafrænum eyðublöðum sem aðgengileg eru í Gagnagátt SÍ og í Sögu sjúkraskrá. Skylt er að veita SÍ allar nauðsynlegar upplýsingar í umsókninni. Þar þarf að koma fram faglegt mat heilbrigðisstarfsmanns á þörf fyrir hjálpertæki ásamt almennum rökstuðningi fyrir vali á tæki. Umsögn læknis (læknisvottorð) skal fylgja fyrstu umsókn um stoð- og meðferðartæki. Að auki geta Sjúkratryggingar Íslands gert kröfu um að lagt sé fram vottorð annars sérfræðings um nauðsyn hjálpertækis. Umsókn er metin á grundvelli heildarþarfa umsækjanda. Við matið er horft til færni og sjúkrasögu.

Ef breyting verður á sjúkdómsástandi eða fötlun getur þurft nýja umsögn eða vottorð frá heilbrigðisstarfsmanni. Ef ekki er samræmi milli þeirra læknisfræðilegu upplýsinga sem áður hafa borist með umsókn til Sjúkratrygginga Íslands og þeirra hjálpertækja sem sótt er um er alltaf krafist nýrra upplýsinga eða læknisvottorðs, eftir því sem við á. Sá heilbrigðisstarfsmaður sem kemur að umsókn skal ganga úr skugga um að hjálpertækið nýtist sem best, t.d. með því að sjá til þess að einstaklingur fái viðeigandi aðlögun, kennslu eða endurhæfingu.

Þegar um er að ræða nýja tegund hjálpertækis sem lítil eða engin þekking er á eða reynsla geta Sjúkratryggingar Íslands krafist þess að fá staðfestingu frá fagaðila á því að tækið nýtist eins og stefnt var að og það sé hluti af gagnreyndri meðferð.

4.2.1.2 Réttur til niðurgreiðslu

Flest hjálpertæki sem Sjúkratryggingar Íslands útvega eru til sjálfsbjargar og öryggis eða til þjálfunar og meðferðar. Samkvæmt núgildandi reglum er ekki er greiddur styrkur ef hjálpertæki er eingöngu ætlað til nota í frístundum eða til afþreyingar (þ.á m. útivistar og íþróttar). Tæki til líkamsæfinga flokkast því ekki undir hjálpertæki. Ekki er veittur styrkur til kaupa á almennum tækjum, svo sem heimilistækjum, nema þegar um séraðlögun eða sérhæfðan aukabúnað er að ræða. Þá er almennt ekki veittur styrkur til kaupa á fleiri en einu hjálpertæki ef notandinn á heimili á fleiri en einum stað. Það á t.d. við um rúm og salernisstóla. Eins er ekki veittur styrkur til fatlaðra foreldra til að sinna foreldrahlutverkinu, hvorki til kaupa á hjálpertækjum né til bifreiðakaupa. Sjúkratryggingum Íslands er þó heimilt að veita styrki vegna tveggja hjálpertækja af sömu gerð til mikið fatlaðra barna og unglinga, sem yrðu annars að vera án hjálpertækja sinna daglangt vegna dvalar á þjálfunar- og dagvistunarstofnunum eða skólagöngu (leikskóla og grunnskóla). Þá skal annað hjálpertækið notað á heimili en hitt í skóla eða á stofnun.

Styrkir eru aðeins veittir til kaupa á hjálpertækjum sem tilgreind eru í fylgiskjali með reglugerð, að uppfylltum öðrum skilyrðum reglugerðarinnar. Í fylgiskjalinu er hjálpertækjunum raðað eftir flokkunarkerfi hjálpertækja EN ISO9999:2002. Styrkur er ýmist greiddur sem ákveðið hlutfall af verði hjálpertækis og/eða ákveðin fjárhæð til kaupa á hjálpertæki.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir hjálpartæki sem eru niðurgreidd og þau sem eru ekki niðurgreidd.

Tafla 1: Hjálpartæki sem eru niðurgreidd og ekki niðurgreidd.

Tækjakaup sem eru <u>niðurgreidd gegn ákveðnum forsendum</u>	Tækjakaup sem eru <u>ekki niðurgreidd</u>
Hjálpartæki til athafna daglegs lífs og til sjálfsbjargar og öryggis.	Hjálpartæki sem eingöngu eru notuð í frístundum og tæki til líkamsæfinga.
Tæki til þjálfunar og meðferðar. Einnota vörur.	Almenn tæki eins og heimilistæki.
Einnota vörur fyrir þá sem dvelja tímabundið á stofnun (6 vikur eða skemur).	Aukasett af hjálpartækjum fyrir börn sem búa á tveimur heimilum.
	Hjálpartæki fyrir þá sem dvelja á sjúkra- og öldrunarstofnunum eða á vistheimilum fyrir börn; athuga þó undanþágur.
Hjólástólar á stofnunum (skilaskylda að lokinni dvöl). Þegar einstaklingur dvelur á stofnun ber að skila skilaskyldum hjálpartækjum til hjálpartækjamiðstöðvar Sjúkratrygginga Íslands, að undanskildum hjólástólum, göngugrindum og sérstaklega aðlöguðum tjáskiptatækjum.	Veggföst hjálpartæki í búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk á vegum sveitarfélaga.
Tvö hjálpartæki af sömu gerð til mikið fatlaðra barna og unglunga sem yrðu ella að vera án hjálpartækja sinna daglangt vegna skólagöngu (leikskóla og grunnskóla) eða dvalar á þjálfunar- og dagvistunarstofnunum. Skal þá annað hjálpartækið vera til nota á heimili og hitt í skóla eða á stofnun. Hér er að jafnaði um að ræða sérhannaða stóla, standgrindur og göngugrindur.	Hjálpartæki til náms og atvinnu.
Ökuþjálfun ef þörf er á sérhæfðu hjálpartæki til stjórnunar bifreiðar.	Tæki til að auðvelda fötluðum foreldrum að sinna börnum sínum. Hjálpartæki til að auðvelda aðstoðarfólki fatlaðs fólks starf sitt.

Íbúar á sambýlum eiga sama rétt og þeir sem búa á einkaheimilum til einstaklingsbundinna hjálpartækja, svo sem sjúkrarúma, spellkna, ferlihjálpartækja og vinnustóla. Á sambýlum er aðeins veittur styrkur vegna eins tækis ef það nýtist öllum íbúunum. Á þetta t.d. við um baðtæki, standbekki og lyftara. Sótt skal um styrk fyrir kaupum á tæki fyrir tilgreindan einstakling á sambýlinu. Ef einstaklingurinn sem skráður er fyrir hjálpartækinu flytur tekur hann tækið með sér. Er þá sótt um styrk fyrir tækjakaupum fyrir annan aðila á sambýlinu, sem þarf að nota slíkt tæki. Ekki eru veittir styrkir vegna veggfasts búnaðar.

Samkvæmt samningum Sjúkratrygginga Íslands, sbr. lög um sjúkratryggingar, er styrkur frá stofnuninni í kjölfar útboðs háður því að hjálpartækið sé keypt hjá tilteknu samningsbundnu fyrirtæki. Í sérstökum tilvikum, ef þau tæki sem samið er um uppfylla ekki þarfir skjólstæðinga Sí, geta Sí keypt önnur tæki en þau sem samið hefur verið um kaup á. Sí veita upplýsingar um aðila sem stofnunin hefur gert samninga við og um þau hjálpartæki sem um ræðir. Í þeim tilvikum sem stofnunin hefur ekki gert samninga er leitað tilboða í einstakar vörur eða hjálpartæki, eða gerðar verðkannanir og styrkveiting miðuð við það. Styrkur frá stofnuninni er því ávallt bundinn við tiltekna gerð eða tegund hjálpartækis.

4.2.1.3 Ráðgjöf, uppsetning og viðgerðarþjónusta

Hjálpartækjamiðstöð Sjúkratrygginga Íslands veitir umsækjendum upplýsingar og ráðgjöf um hjálpartæki, aðstoðar við umsóknarferli og við val á hjálpartækjum. Hjálpartækjamiðstöðin annast endurnýtingu hjálpartækja. Einnig annast miðstöðin sérsníði, breytingar, uppsetningu og aðstoð við aðlögun hjálpartækja fyrir notendur eða semur við seljendur um að veita þá þjónustu. Stofnunin annast nauðsynlegt viðhald og viðgerðir á hjálpartækjum sem eru í eigu hennar þegar ábyrgð seljenda er útrunnin.

Þegar hjálpartæki eru ekki lengur í notkun ber að skila þeim tækjum sem hægt er að endurnýta. Tækin eru í eigu Sjúkratrygginga Íslands og ber að fara vel með þau. Spelkum og gervilimum ber að skila til stoðtækjafyrirtækja sem hafa útvegað eða smíðað viðkomandi tæki. Öðrum hjálpartækjum er hins vegar skilað til hjálpartækjamiðstöðvar stofnunarinnar.

Hjálpartækjamiðstöðin annast uppsetningu, breytingar, sérsníði og aðstoð við aðlögun hjálpartækja fyrir notendur eða tryggir að aðrir aðilar veiti þá þjónustu með samningum. Samið er við fyrirtæki um viðgerðarþjónustu á hjálpartækjum í eigu miðstöðvarinnar eftir að ábyrgð seljanda rennur út. Sí veitir upplýsingar um þjónustuaðila og staðsetningu verkstæða varðandi viðgerð á tækjum frá hinum ýmsu framleiðendum, bæði á stórhöfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

4.2.2 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands (HTÍ) annast úthlutun hjálpartækja á grundvelli reglugerðar nr. 968/2015 um greiðslubátttöku ríkisins í hjálpartækjum sem Heyrnar- og talmeinstöð útvegar. Sambærileg reglugerð er vegna heyrnartækja sem einkaaðilar útvega. Sú reglugerð er eins hvað varðar almenn tæki en nær ekki til sérhæfðari heyrnartækja. Seljendur heyrnartækja verða að hafa rekstrarleyfi frá heilbrigðisráðuneytinu til að hægt sé að sækja um styrk fyrir kaupum á tækjum frá þeim.

Heyrnar- og talmeinstöðinni ber að vera miðstöð þekkingar í heyrnar- og talmeinum á Íslandi. Stofnunin veitir þeim sem eru heyrnarskertir, heyrnarlausir eða með talmeinstöð þjónustu á landsvísi. Meðal verkefna er úthlutun heyrnartækja sem niðurgreidd eru af sjúkratryggingum.

Einkaaðilum hefur verið heimilt að útvega hjálpartæki, sem eru niðurgreidd af sjúkratryggingum, frá árinu 2006. Hjá HTÍ eru tækin seld á kostnaðarverði. Verðlagning heyrnartækja sem seld eru á almennum markaði er frjáls.

Ný tækni hefur leitt til breytinga á starfsemi HTÍ. Síðustu áratugina hafa svokallaðar kuðungsígræðslur gjörbreytt möguleikum heyrnarlausra til að öðlast heyrn, hvort heldur sem um er að ræða meðfætt heyrnarleysi, sjúkdóma eða slys. HTÍ sér að öllu leyti um undirbúning, skipulag, framkvæmd og eftirfylgni við þessar aðgerðir í góðri samvinnu við háls-, nef- og eyrnadeild Landspítalans, erlenda sérfræðinga og Sjúkratrygginga Íslands.

4.2.3 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu úthlutar hjálpartækjum á grundvelli reglugerðar nr. 233/2010 um úthlutun á hjálpartækjum á vegum þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Í reglugerðinni eru tilgreind þau hjálpartæki sem úthlutað er til blindra, sjónskertra og daufblindra einstaklinga og forsendur fyrir úthlutun þeirra. Öllum tækjum sem falla undir reglugerðina er úthlutað án greiðslu notenda.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin annast einnig endurgreiðslur vegna gleraugna á grundvelli reglugerðar nr. 1155/2005 um þátttöku ríkisins í kostnaði við gleraugu. Endurgreiðslurnar miðast við tiltekna sjónskerðingu og að auki ákveðna augnsjúkdóma og önnur skilyrði hjá fullorðnum. Endurgreiðslurnar nema 3.500–8.000 kr. á hvert gler eftir styrkleika.

4.2.4 Hjálpartæki vegna náms og atvinnu

Samkvæmt reglugerð 1155/2013 veita Sjúkratryggingar Íslands ekki styrk fyrir kaupum á hjálpartækjum til atvinnu og náms. Þar kemur hins vegar fram að sveitarfélag þar sem fatlaður einstaklingur á lögheimili annist afgreiðslu umsókna vegna hjálpartækja til náms fyrir 16 ára og eldri og atvinnu fyrir 18 ára og eldri með vísun í lög nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum og samkvæmt leiðbeinandi reglum ráðherra. Líkt og áður hefur komið fram eru lög nr. 59/1992 fallin úr gildi. Um hjálpartæki fyrir nemendur í grunnskóla fer samkvæmt reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

4.2.5 Hjálpartæki til þeirra sem dvelja á stofnunum

Sjúkratryggingar Íslands veita almennt ekki styrki vegna hjálpartækja til einstaklinga sem dvelja á sjúkrastofnunum og öldrunarstofnunum. Í þeim tilvikum skal viðkomandi rekstraraðili útvega flest hjálpartækin, sbr. t.d. reglugerð nr. 427/2013 um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu. Sjúkratryggingar Íslands veita hins vegar þeim sem dvelja á stofnun eða sjúkrahúsi styrki vegna hjólastóla sem skila á að notkun lokinni. Sama á við um einnota vörur fyrir einstaklinga með gildandi innkaupaheimild frá Sjúkratryggingum Íslands á meðan þeir dveljast þar til skamms tíma, enda sé þörfin fyrir vörurnar ekki til komin vegna innlagnarinnar.

Einstaklingur sem útskrifast af sjúkrahúsi á rétt á styrk frá Sjúkratryggingum Íslands vegna hjálpartækja sem gera viðkomandi kleift að útskrifast. Þegar einstaklingur er innritaður á stofnun skal skila skilaskyldum hjálpartækjum til hjálpartækjamiðstöðvar Sjúkratrygginga Íslands, að undanskildum sérstaklega aðlöguðum tjáskiptatækjum, hjólastólum og göngugrindum.

4.3 Greiðslupátttaka hins opinbera

4.3.1 Hjálpartæki á vegum hjálpartækjamiðstöðvar Sjúkratrygginga Íslands

Skilgreint er í reglugerð til hvers konar tækja greiðslupátttaka nær og er greiðslupátttakan sérstaklega tilgreind fyrir hvern flokk tækja. Í megindráttum falla styrkirinir í einhvern eftirtalinna flokka:

- Tæki greitt að fullu.
- Ákveðið hlutfall greitt af verði tækis.
- Ákveðið hlutfall greitt af verði tækis, allt upp að hámarksstyrkuppþæð.
- Hjálpartæki, sem fellur undir slysatryggingar, er endurgreitt að fullu í allt að fimm ár frá slysi.

Fyrirkomulag greiðslupátttöku er því flókið og getur haft í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir notendur.

4.3.2 Heyrnarhjálpertæki

Börn yngri en 18 ára fá heyrnartæki greidd að fullu.

Fyrir 18 ára og eldri er greiðslupátttaka vegna heyrnartækja eftirfarandi:

1. Lítil heyrnarskerðing: 50.000 kr. fyrir hvert heyrnartæki.
2. Mikil heyrnarskerðing: 80% af verði heyrnartækis.
3. Kuðungsígræðslutæki: 90% af verði heyrnartækis.
4. Beinskrúfutæki og önnur sambærileg heyrnartæki: 80% af verði heyrnartækis.

5. Hjálpartæki önnur en heyrnartæki sem nýtast heyrnarskertum: Hlutfallsgreiðsla.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands veitir einnig styrki til kaupa á samskiptahjálpartækjum fyrir þá sem eru alvarlega heyrnarskertir og daufblindir samkvæmt reglugerð nr. 796/2006.

Vönduð heyrnartæki eru mjög dýr og fastur krónutölustyrkur nær aðeins upp í lítinn hluta kostnaðar. Hlutfallsgreiðslur ná til tækja sem eru mjög dýr og geta þær upphæðir sem notendur greiða því orðið umtalsverðar.

5 ÚRBÆTUR - FREKARI UMFJÖLLUN UM TILLÖGUR TIL RÁÐHERRA

5.1 Endurskoðun reglugerða

Tillaga til ráðherra:

Endurskoða reglugerðir er lúta að hjálpartækjum og skilgreiningu á hugtakinu hjálpartæki í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Samræma þarf reglugerð nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpartækja og lagaumgjörð vegna fatlaðs fólks í ljósi þess að lög nr. 59/1992 eru fallin úr gildi og ný lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, komin í þeirra stað. Jafnframt þarf að samræma skilgreiningar í ólíkum reglugerðum er snúa að hjálpartækjum.

Umfjöllun:

Eins og fram hefur komið gerðist Ísland aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2007 og fullgilti hann árið 2016. Í reglugerð nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpartækja sem Sjúkratryggingar Íslands útvega kemur fram að ekki sé veittur styrkur ef hjálpartæki er eingöngu ætlað til nota í frístundum eða til afþreyingar, þ.á m. útivistar og íþróttar. Í 30. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks segir hins vegar að aðildarríkin skuli gera viðeigandi ráðstafanir til þess að gera fötluðu fólk kleift að taka þátt í tómsunda-, frístunda- og íþróttastarfi til jafns við aðra. Því þarf að breyta ákvæði reglugerðarinnar um styrki vegna hjálpartækja til samræmis við samninginn. Einnig þarf að endurskoða reglugerðir með tilliti til þarfa fatlaðra foreldra fyrir hjálpartæki til að sinna börnum sínum í samræmi við 23. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Breyta þarf reglugerðinni til samræmis við lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, þar sem lög nr. 59/1992 sem reglugerðin vísar í eru sem fyrr segir fallin úr gildi.

Þá þarf einnig að endurskoða reglugerðina með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á búsetu fatlaðs fólks á umliðnum árum þar sem fatlað fólk býr í auknum mæli sjálfstætt en dregið hefur úr búsetu þess á sambýli. Sú endurskoðun þarf að fara fram í samráði við sveitarfélögin í landinu.

5.2 Skipulag við úthlutun hjálpartækja

Tillaga til ráðherra:

Einfalda skipulag við afgreiðslu og úthlutun hjálpartækja. Afgreiðsla hjálpartækja er á höndum margra ólíkra aðila. Hjálpartækjamál heyrja undir tvö ráðuneyti, auk þess sem sveitarfélögin útvega hluta hjálpartækja. Fyrir vikið getur afgreiðsla hjálpartækja orðið brotakennd og óljóst hver ber ábyrgð á að útvega nauðsynleg tæki. Lagt er til að skoðað verði hvort hægt sé að bæta þjónustu við notendur með breyttu stofnanaskipulagi, hvort ákvæði um styrki til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna kaupa á bifreið til eigin nota verði færð í lög um sjúkratryggingar og hvort Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) annist framkvæmdina jafnframt því sem umsýsla vegna hjálpartækja í bifreiðar verði áfram í þeirra höndum. Þá er lagt til að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga vegna hjálpartækja verði endurskoðuð. Skoðað verði hvort farsælt sé að hjálpartæki til langtímanotkunar verði alfarið á kostnað og ábyrgð ríkisins.

Umfjöllun:

Eins og fram hefur komið er úthlutun hjálpartækja á hendi nokkurra aðila, þ.e. hjálpartækjamidstöðvar Sjúkratrygginga Íslands og Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands (HTÍ), sem heyrja báðar undir heilbrigðisráðuneytið, og þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og

einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, sem fellur undir félagsmálaráðuneytið. Bifreiðamál falla undir heilbrigðisráðuneytið og félagsmálaráðuneyti. Sveitarfélögin bera ábyrgð á að útvega hjálparkæki vegna náms og atvinnuþátttöku sem og neyðarhnappa fyrir ákveðinn hóp.

Þegar úthlutun hjálparkæja er á hendi marga aðila er hætt á að umsækjandi um hjálparkæki falli ekki í einhvern fyrirfram skilgreindan flokk og í kjölfarið verði óljóst hver beri ábyrgð á að útvega nauðsynleg tæki. Í starfshópi um hjálparkækjamál kom fram að það skapaði óhagræði fyrir einstaklinga með fjölþættan vanda að sækja um að fá úthlutað hjálparkækjum á mörgum stöðum. Lagt er til að skoðað verði hvort hægt sé að bæta þessa þjónustu við notendur með breyttu stofnanaskipulagi. Margar misróttækar leiðir mætti skoða í því efni, allt frá sameiningu stofnana til þess að starfsemi stofnananna yrði á sama stað við óbreytt skipulag að öðru leyti. Einnig mætti skoða hvort færa ætti umsýslu hjálparkæja þannig að hún yrði á einni hendi en ólíkar stofnanir sinntu sérhæfðri ráðgjöf.

Í desember 2014 skilaði starfshópur um endurskoðun bifreiðamála hreyfihamlaðra félags- og húsnæðismálaráðherra „Skýrslu starfshóps um stuðningskerfi til að auðvelda för hreyfihamlaðs fólks“. Þar er lögð til endurskoðun bifreiðamála hreyfihamlaðra með tillögum um gagnsætt og skýrt kerfi fyrir notandann sem væri einfaldara í framkvæmd en gildandi fyrirkomulag og sem á sama tíma myndi stuðla að auknu jafnræði hreyfihamlaðra. Starfshópurinn fjallaði einvörðungu um stuðning ríkisins við hreyfihamlaða sem búa sjálfstætt, þ.e. utan stofnana. Lögð var áhersla á að byggja á gildandi kerfi en leita leiða til úrbóta að teknu tilliti til aðstæðna hér á landi, skipulags stjórnsýslu og þess fjármagns sem til ráðstöfunar er. Í samræmi við „Skýrslu starfshóps um stuðningskerfi til að auðvelda för hreyfihamlaðs fólks“ er lagt til að ákvæði um styrki til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna kaupa á bifreið til eigin nota verði færð í lög um sjúkratryggingar og Sjúkratryggingastofnun Íslands annist framkvæmdina. Jafnframt verði umsýsla vegna hjálparkæja í bifreiðar áfram hjá sjúkratryggingum.

Ríkið greiðir nú þegar langstærstan hluta kostnaðar vegna hjálparkæja. Lagt er til að skoðað verði í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga að úthlutun hjálparkæja til langtímanotkunar verði alfarið á ábyrgð ríkisins. Þannig taki ríki við úthlutun hjálparkæja vegna vinnu og skóla sem og vegna þeirra sem hafa þegið búsetuúrræði á vegum sveitarfélaga, þar á meðal neyðarhnappa sem nú eru í höndum sveitarfélaga, færð til ríkisins. Slík breyting væri jafnframt í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis í tilefni af kvörtun A (mál. nr. 9656/2018) frá 4. desember 2018.¹ Markmiðið með slíkri breytingu væri að einfalda verkaskiptingu á þessu sviði og koma í veg fyrir að grá svæði með óljósri ábyrgð myndist innan kerfisins. Þá er hagræðing fyrir notendur fólgin í því að einn aðili sinni verkefninu fremur en að það sé á hendi allra sveitarfélaga í landinu auk ríkisins. Í þessu fælist breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem þyrfti að skoða gaumgæfilega.

Lagt er til að skoðað verði að styrkir SÍ til hjálparkækjakaupa fyrir fatlað fólk verði óháðir búsetu. Jafnframt verði fallið frá þeirri kröfu að tengja skuli umsókn um hjálparkæki til notkunar í búsetukjörnum tilteknum einstaklingi. Með þeirri breytingu yrði mögulegt að útvega hjálparkæki á byggingarstigi.

Skilgreina þarf ábyrgð vinnuveitenda þeirra sem nota hjálparkæki við vinnu og upplýsingagjöf til þeirra. Nauðsynlegt er að slíkar breytingar verði unnar samhliða aukinni áherslu á atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og fólks með skerta starfsgetu.

Við núverandi fyrirkomulag útvega hjúkrunarheimili íbúum flest hjálparkæki. Lagt er til að skoðuð verði sú leið að veita íbúum hjúkrunarheimila sama rétt til hjálparkæja og ef þeir byggju heima. Þetta á þó ekki við um veggföst tæki sem myndu verða hluti af búnaði við byggingu heimilanna.

¹ Heilbrigðisráðuneytið hefur þegar ákveðið að færa útvegum neyðarhnappa til ríkisins í framhaldi ábendingarinnar.

5.3 Greiðslupátttaka, afgreiðsla og forsendur fyrir úthlutun hjálpartækja

Tillaga til ráðherra:

Endurskoða greiðslupátttöku vegna hjálpartækja með það að markmiði að draga úr kostnaði notenda. Samræma þarf greiðslupátttöku hins opinbera vegna mismunandi flokka hjálpartækja sem og kostnaðarhlutdeild og greiðslubyrði einstaklinga sem nota hjálpartæki vegna mismunandi fötlunar. Þá þarf kostnaðarhlutdeild hins opinbera að fylgja verðlagsbreytingum. Jafnframt þarf að taka til endurskoðunar álagningu virðisaukaskatts á hjálpartæki. Tryggja verður að þörf fyrir hjálpartæki ráði úthlutun fremur en sjúkdómsgreining eða skráð lögheimili. Sem dæmi verði mögulegt að fá fleiri en eitt hjálpartæki fyrir börn sem eiga heimili á tveimur stöðum. Þá þarf að huga að þörf fatlaðra foreldra fyrir hjálpartæki við umönnun barna sinna.

Umfjöllun:

Nauðsynlegt er að fara yfir greiðslupátttöku og greiðslubyrði notenda vegna hjálpartækja. Skoðaðir verði kostir þess og gallar að fella hjálpartæki undir greiðslupátttökukerfi. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu íþyngjandi greiðslur einstaklinga vegna hjálpartækja eru, t.d. hversu háar greiðslurnar geta orðið að hámarki hjá einstaklingum. Nauðsynlegt er að ráðast í slíka greiningu.

Við núverandi fyrirkomulag ræðst það af skerðingunni hversu mikil greiðslupátttaka hins opinbera er og hversu mikið notendur sjálfir greiða. Fara þarf yfir og samræma greiðslupátttöku hins opinbera vegna ólíkra hjálpartækja sem og kostnaðarhlutdeild og greiðslubyrði einstaklinga sem þurfa að nota hjálpartæki með það að markmiði að lækka kostnaðarhlutdeild notenda.

Þá hefur verið bent á að kostnaðarhlutdeild hins opinbera í hjálpartækjakaupum fylgir ekki verðlagsbreytingum. Krónutölustyrkir í reglugerðum eru ekki uppfærðir í samræmi við verðlagsbreytingar og þar af leiðandi hækkar hlutur notandans sífellt uns viðeigandi reglugerð er uppfærð. Nauðsynlegt er að taka til athugunar hvernig kostnaðarhlutdeild hins opinbera getur fylgt verðlagsbreytingum. Jafnframt þarf að endurskoða álagningu virðisaukaskatts á hjálpartæki.

Huga þarf að auknum rétti til úthlutunar tveggja hjálpartækja af sömu gerð fyrir mikið fötlud ungmenni sem þyrftu annars að vera án hjálpartækja sinna hluta dagsins vegna skólagöngu eða dvalar á stofnun. Kveðið er á um þennan rétt í 3. gr. reglugerðar nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpartækja. Þá eiga mörg börn heimili á tveimur stöðum og því er mikilvægt að tekið sé tillit til þess að þau kunni að hafa þörf fyrir hjálpartæki á báðum heimilum, enda ógjörningur að færa sum hjálpartæki á milli staða.

Sú ábending kom fram í starfshópnum að oft færi mikil vinna í umsóknir og afgreiðslu á mjög ódýrum tækjum. Nú þegar er starfrækt tilraunaverkefni á vegum SÍ þar sem iðjuþjálfar ávísa hjálpartækjum án aðkomu SÍ, sem hefur bætt aðgengi og flýtt afgreiðslu. Reynslu af því verkefni má nýta til að bæta þjónustu og lækka umsýslukostnað til hagsbóta fyrir notendur hjálpartækja. Jafnframt kom fram að of þröng skilgreining væri á því hvað flokkaðist sem hjálpartæki, sveigjanleika skorti í kerfið svo að mögulegt væri að fá hluti sem flokkast ekki undir hjálpartæki samkvæmt núverandi fyrirkomulagi. Þetta gerir það að verkum að fólki er beint í dýrari úrræði en nauðsynlegt er ef það óskar eftir því að hið opinber taki þátt í tækjakostnaði. Sem dæmi um slíkt má nefna að sjúkrarúm flokkast sem hjálpartæki og fæst í gegnum SÍ. Rafmagnsrúm telst hins vegar ekki vera hjálpartæki og tekur SÍ ekki þátt í að greiða kostnað við kaup á slíku rúmi, þó svo að það svari í sumum tilfellum þörfum notandans.

5.4 Aukin aðstoð fagaðila og hlutverk heilsugæslunnar eftir

Tillaga til ráðherra:

Fara þarf yfir forsendur sem lagaðar eru til grundvallar við mat á þörf fyrir hjálpartæki. Við mat á umsóknum um hjálpartæki verði horft til heildarþarfa umsækjanda hverju sinni. Þar sem sífellt fleiri

eiga við fjölþættan heilsufarsvanda að stríða er orðið mikilvægara en áður að hafa gott aðgengi að heildstæðri þekkingu á heilsufari og aðstæðum fólks sem sækir um hjálpartæki. Lagt er til að aðstoð fagaðila í tengslum við úthlutun hjálpartækja verði auðsóttari og hlutverk heilsugæslunnar eftt á því sviði. Lagt er til að Þróunarmiðstöð heilsugæslunnar á landsvísu verði falið að útfæra leiðir og verklag sem snýr að því hvernig fagfólk með sérþekkingu á hjálpartækjum, svo sem iðjubjálfar og sjúkraþjálfarar, geti orðið hluti af heilsugæslunni sem hafi m.a. það hlutverk að bæta þjónustu við úthlutun hjálpartækja.

Umfjöllun:

Nú ræðst réttur til ákveðinna hjálpartækja af sjúkdómsgreiningu fremur en þörf einstaklings fyrir viðkomandi tæki. Þetta fyrirkomulag þarf að endurskoða þar sem það er ekki í samræmi við nútímalegan skilning á fötlun þar sem horft er til samspils skerðinga einstaklingsins og umhverfis hans fremur en að einblína á lækisfræðilegar greiningar. Sú nálgun samræmist einnig betur samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þá er mikilvægt að hlusta í ríkara mæli á sjónarmið notenda hjálpartækja í sambandi við þarfir þeirra og val á hjálpartækjum.

Í vinnu starfshópsins kom fram að ráðgjöf og aðstoð við val á hjálpartækjum væri misjafnlega aðgengileg. Ræðst það af búsetu en einnig af mismunandi möguleikum einstakra hópa til að sækja sér slíka aðstoð, enda snertifletir fólks við hið opinbera kerfi mjög misjafnir og í sumum tilfellum mjög litlir. Þannig fá fötluð börn á höfuðborgarsvæðinu og fjölskyldur þeirra góðan stuðning og eftirfylgni m.a. hjá Æfingastöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra. Greiningarstöð ríkisins sinnir hjálpartækjamálum fyrir fjölskyldur fatlaðra barna á landsbyggðinni, sem ekki fá slíka fagþjónustu í sinni heimabyggð. Fullorðnir eiga hins vegar oft erfiðara með að sækja sér aðstoð fagaðila, svo sem iðjubjálfa, við að finna hjálpartæki. Slík ráðgjöf er auðsóttari fyrir þá sem fá heimahjúkrun en aðra. Þá kom einnig fram að einstaklingar með notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) skortir oft aðgengi að fagaðilum til aðstoðar við val á hjálpartækjum, hvort sem þeir hafa í hyggju að auka eigið sjálfstæði eða auðvelda starfsfólki sínu vinnuna með viðeigandi léttibúnaði. Einnig var bent á að ráðgjöf um hjálpartæki fyrir fatlaðra foreldra væri torsótt.

Enn fremur kom fram að erfitt gæti verið að fá heildarmynd af þörfum fólks fyrir hjálpartæki, þó svo að kveðið væri á um það í reglugerð að umsóknir til Sjúkratrygginga Íslands skyldi meta á grundvelli heildarþarfa umsækjenda. Þar sem sífellt fleiri eiga við fjölþættan heilsufarsvanda að stríða eykst mikilvægi þess að hafa gott aðgengi að heildstæðri þekkingu á aðstæðum fólks. Heilsugæslan er þar í lykilhlutverki enda grunnþjónusta sem allir eiga að hafa snertiflöt við. Áður fyrr var iðjubjálfi við störf hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem aðstoðaði við val á hjálpartækjum. Lagt er til að Þróunarmiðstöð heilsugæslunnar á landsvísu verði falið að skoða hvernig fagfólk með sérþekkingu á hjálpartækjum, svo sem iðjubjálfar og sjúkraþjálfarar, geti orðið hluti af heilsugæslunni.

Þá er mikilvægt að þjálfun í notkun hjálpartækja verði hluti af ferli við úthlutun hjálpartækja en aðstoð og þjálfun á notkun hjálpartækis er oft forsenda þess að tækið nýtist að fullu. Eftirfylgni á vegum heilsugæslunnar gæti þar skipt sköpum.

5.5 Bætt upplýsinga- og viðgerðarþjónusta

Tillaga til ráðherra:

Bæta þarf upplýsingamiðlun varðandi hjálpartæki og þá viðgerðarþjónustu sem í boði er. Mikilvægt er að almennar upplýsingar um allt sem lýtur að hjálpartækjum séu á einum stað, t.d. á öflugri vefsíðu. Lagt er til að setja á ný upp sýningarsvæði þar sem þau hjálpartæki sem í boði eru hjá hinu opinbera verði kynnt á einum stað. Einnig er lagt til að viðgerðarþjónusta verði eflað enn frekar, t.d. með sólarhringsþjónustu, þar sem bið eftir viðgerð á hjálpartæki hefur mikil áhrif á daglegt líf notandans og getur valdið vanlíðan.

Umfjöllun:

Hjálpartækjamiðstöð Sjúkratrygginga Íslands annast leiðbeiningar og fræðslu varðandi hjálpartæki og iðjubjálfar og sjúkraþjálfarar á þeirra vegum veita ráðgjöf og upplýsingar um val og notkun hjálpartækja. Þá annast miðstöðin uppsetningu, breytingar, sérsmiði og aðstoð við aðlögun hjálpartækja fyrir notendur eða semur við söluaðila um að veita þá þjónustu. Þó svo að hlutverk fagaðila innan heilsugæslunnar verði aukið er mikilvægt að hægt sé að nálgast almennar upplýsingar um allt sem lýtur að hjálpartækjum á einum stað.

Hjálpartækjamiðstöðin þjónar öllu landinu hvað varðar upplýsingar og fræðslu um hjálpartæki. Miðstöðin hefur útibú á Kristnesi í Eyjafirði þar sem notendum gefst kostur á að prófa ýmis hjálpartæki.

Á fundum starfshópsins kom fram að þörf væri á sýningarsal þar sem skoða mætti hjálpartæki og prófa en eins og staðan er nú þarf notandinn sjálfur að fara á milli söluaðila til að skoða og prófa hjálpartæki. Samið hefur verið við seljendur um að veita ýmsa þjónustu vegna tækjanna og er hún því dreifð og ekki hægt að ganga að henni á einum stað. Fyrir suma notendur þýðir þetta fyrirkomulag betra aðgengi en almennt séð er það neikvætt að geta ekki skoðað mismunandi tæki og fengið aðstoð í tengslum við notkun og annað þess háttar á einum stað. Lagt er til að setja á ný upp sýningarsvæði þar sem hægt sýna og kenna á hjálpartæki á einum stað.

Upplýsingamiðlun varðandi hjálpartæki er á mörgum vefsíðum og á mismunandi formi. Gera þarf upplýsingamiðlun markvissari þannig að á einum stað megi sjá allt varðandi hjálpartæki og stoðþjónustu þeim tengdum. Í því sambandi mætti efla fræðslu um hjálpartæki á vefsíðu Sjúkratrygginga Íslands eða bæta við fræðsluefni á vefsíðuna heilsuvera.is sem Embætti landlæknis og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins standa að. Skoða mætti þann möguleika að Þróunarmiðstöð heilsugæslunnar á landsvísu fengi það hlutverk að veita upplýsingar um hjálpartæki á vefsíðu. Nefna má að Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar hefur gagnlegar upplýsingar um hjálpartæki á vefsíðu sinni.

Samningar hafa verið gerðir við fyrirtæki um viðgerðarþjónustu á hjálpartækjum í eigu Sjúkratrygginga Íslands eftir að ábyrgð seljanda er runnin út. Sí veitir einnig upplýsingar um þjónustuaðila og staðsetningu verkstæða vegna viðgerða á tækjum frá hinum ýmsu framleiðendum. Á fundum starfshópsins kom fram að bæta þyrfti viðgerðarþjónustu vegna hjálpartækja og auka til muna fræðslu og upplýsingagjöf um þá þjónustu sem nú þegar er í boði, enda væru sum hjálpartæki þess eðlis að notandi væri algerlega háður tækinu. Jafnframt kom fram að í þeim tilfellum sem fólk væri háð aðstoð við notkun hjálpartækja væri mikilvægt að bæði aðstoðarfólk og heilbrigðisstarfsfólk fengi fræðslu um notkun hjálpartækja. Bið eftir viðgerð á hjálpartæki hefði iðulega mikil áhrif á daglegt líf notandans og gæti valdið vanlíðan. Lagt er til að viðgerðarþjónusta verði eflað enn frekar og meiri upplýsingar verði gefnar um þá þjónustu sem nú þegar er í boði.

5.6 Tækniþróun

Tillaga til ráðherra:

Farvegur fundinn fyrir reglubundið mat og innleiðingu nýjunga. Hjálpartæki eru í sífelldri þróun, sem og önnur stuðningstækni sem nýst getur fólki til sjálfstæðs lífs og aukinnar samfélagsþátttöku. Mikilvægt er að fylgjast með þróuninni og taka jafnt og þétt gagnlegar nýjungar í notkun. Ná þarf yfirsýn yfir það fjölbreytta úrval hjálpartækja sem í boði er hverju sinni og bjóða góð og hagstæð hjálpartæki.

Umfjöllun:

Hjálpartæki eru í sífelldri þróun og hafa tækniframfarir gert það að verkum að búnaður og tæki sem áður voru útveguð í sérstökum tilvikum eru nú í mun almennari notkun. Í núgildandi kerfi eru styrkir aðeins veittir til kaupa á hjálpartækjum sem tilgreindi eru í reglugerð. Þar er hjálpartækjunum raðað

eftir flokkunarkerfi hjálpartækja EN ISO9999:2002. Styrkur er ýmist ákveðið hlutfall af verði hjálpartækis og/eða föst fjárhæð til kaupa á hjálpartæki. Þennan lista þarf að uppfæra reglulega m.t.t. tækniþróunar.

Mikilvægt er að hafa góða yfirsýn yfir ákjósanleg hjálpartæki, bæði út frá sjónarhóli notandans og greiðandans. Stöðugt þarf að fylgjast með tækniþróun og að ný og betri tækni sé tekin í notkun, notendum til hagsbóta. Það á ekki hvað síst við þegar kemur að sérhæfðum tækjabúnaði sem aðlaga þarf að þörfum notandans. Mikilvægt er að fagfólk hjálpi notandanum að finna hvað hentar best enda eru ný tækni oft og tíðum dýr og því nauðsynlegt að vanda valið. Fagfólk sem kemur að aðstoð á vali hjálpartækja gegnir lykilhlutverki við að finna hentugasta tækið hverju sinni.

Á fundum starfshópsins kom fram að heppilegt væri að notandinn gæti fengið tæki lánað í 6–12 mánuði til prófunar þegar um flókin tjáskiptatækniþúnað væri að ræða. Góð kennsla og þjálfun við notkun tækis væri jafnframt mikilvæg svo að fjárfestingin sem og tækjabúnaðurinn skilaði sér að fullu í aukinni virkni notandans. Það fellur oft í hlut fagfólks að meta hvenær úthluta skal dýrum og flóknum tækjum eða hvort einfaldari og ódýrari tæki skili sama árangri. Lagt er til að horft verði til þess hvernig nágrannaþjóðir okkar fara að við stefnumótun og innleiðingu nýrra hjálpartækja og tækninýjunga sem stuðla að sjálfstæði og samfélagsþátttöku notenda.

Velferðartækni er samheiti yfir tæknilausnir sem hjálpa til við að viðhalda eða þróa þjónustu velferðarsamfélagsins. Í hinu norræna velferðarsamfélagi standa borgurunum til boða lausnir sem nýtast þeim sem eru með sérþarfir, t.d. við verklega aðstoð, umönnun, hjálpartæki, þjálfun, endurhæfingu, hæfingu, skipulag á heimilum, sérkennslu og atvinnu með stuðningi. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með nýjungum á sviði velferðartækni enda skörun milli velferðartækni og hjálpartækjamála. Lagt er til að áfram verði unnið að þeim markmiðum sem sett voru fram í skýrslunni „Stefna í nýsköpun og tækni á sviði velferðarþjónustu“ frá árinu 2015.

6 Lokaorð

Líkt og lesa má út úr þessari skýrslu til heilbrigðisráðherra er fyrirkomulag hjálpartækjamála brotakernt og á margra höndum. Hér hafa verið lagðar fram tillögur um hvernig bæta megi fyrirkomulagið notendum hjálpartækja til hagsbóta. Sumar tillögurnar eru þess efnis að tiltölulega einfalt er að hrinda þeim í framkvæmd en aðrar þurfa dýpri skoðun. Má þar sérstaklega nefna tæknipróun og hvernig staðið er að úthlutun nýrra og sérhæfðra hjálpartækja sem sérsniðin eru fyrir notendur.

Þetta margþætta kerfi eykur hættuna á að jafnræði hvað varðar kostnað og þjónustustig fari forgörðum.

Starfshópurinn bendir á að undanfarin ár hafa ýmsir aðrir starfshópar verið starfandi, sem hafa kafað ofan í atriði sem tengjast ýmist hjálpartækjamálum beint eða hafa skörun við málaflokkinn. Beinir hópurinn því til ráðherra að fara yfir þær ábendingar og tillögur til úrbóta sem komið hafa fram í tengslum við endurbætur á fyrirkomulagi hjálpartækjamála.

Þá bendir starfshópurinn á að taka þarf fyrirkomulag hjálpartækjamála til reglulegrar skoðunar svo að þessi mikilvægu tæki og tól nýtist sem best og geri þeim sem á þeim þurfa að halda kleift að lifa sjálfstæðu og innihaldsríku lífi.

8 Heimildir

Lög nr. 59/1992 (brottfallin).

Lög nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Lög nr. 160/2008, um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

Lög nr. 42/2007, um Heyrnar- og talmeinstöð.

Lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Reglugerð nr. 950/2018 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpartækja.

Reglugerð nr. 968/2015 um greiðsluþátttöku ríkisins í hjálpartækjum sem Heyrnar- og talmeinstöð útvegar.

Reglugerð nr. 969/2015 um styrki vegna kaupa á heyrnartækjum hjá öðrum en Heyrnar- og talmeinstöð.

Reglugerð nr. 981/2014 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpartækja.

Reglugerð nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpartækja.

Reglugerð nr. 233/2010 um úthlutun á hjálpartækjum á vegum þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Reglugerð nr. 148/2007 um sölu heyrnartækja.

Reglugerð nr. 796/2005 um þátttöku ríkisins í kostnaði við samskiptahjálpartæki fyrir þá sem eru alvarlega heyrnarskertir og daufblindir.

Reglugerð nr. 1155/2005 um þátttöku ríkisins í kostnaði við gleraugu.

Reglugerð nr. 376/1996 um atvinnumál fatlaðra.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Skýrsla starfshóps um stuðningskerfi til að auðvelda för hreyfihamlaðs fólks, 2014.

Stefna í nýsköpun og tækni á sviði velferðarþjónustu, 2015.

Tillaga að framtíðarskipulagi þjónustu við fólk með heyrnarskerðingu og talmein, 2017.